



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Leikskólinn Drafnarsteinn



2019 – 2020



„Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi sitt og samfélag.“

úr Framtíðarsýn skóla- og frístundasviðs



Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans:.....	4
1 Greinargerð leikskólastjóra	4
Áherslur næsta skólaárs:	4
2 Innra mat deilda	6
Hlíð	6
Hóll	8
Ljúflingsholt	11
Hulduhólar	13
Álfheimar	15
Trölladyngja	17
Listaskáli	20
3 Ytra mat	22
4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	22
5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	22
6 Foreldrasamvinna.....	23
7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	23
8 Fylgigögn.....	24
Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning.....	24
Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móturmál en íslensku.....	24
Fylgiskjal 3 - Leikskóladagatal	24
Fylgiskjal 4 - Umsögn foreldraráðs	24



Leiðarljós leikskólans:

Í uppeldisstarfi okkar höfum við „samskipti, vináttu og virðingu“ að leiðarljósi.

Það er mikilvægt að skapa andrúmsloft öryggis og vellíðanar.

1 Greinargerð leikskólastjóra

Skólaárið 2018-19 hefur verið mjög viðburðaríkt og skemmtilegt í leikskólanum Drafnarsteini. Undirrituð tók við stöðu leikskólastjóra þann 1. september en þá lauk Elín Mjöll Jónasdóttir störfum. Elín var leikskólastjóri Dvergasteins frá því að skólinn var stofnaður árið 1998 og tók síðan við sameinuðum skóla Dvergasteins og Drafnarborgar, Drafnarsteini, árið 2011. Nýr aðstoðarleikskólastjóri hóf störf um miðjan september.

Starfsmannahald var nokkuð erfitt á haustönn. Það gekk illa að ráða í allar stöður og nokkuð var um veikindi hjá starfsfólki. Strax um áramót var mönnunin hins vegar orðin góð.

Leikskólastjóri og deildarstjóri tóku innritunarviðtöl við alla nýja foreldra. Deildarstjórar hafa ekki áður verið með í þessum viðtölum, kom það mjög vel út og ætlum við að halda því áfram.

Nýr stjórnandi lagði mikla áherslu á starfsmannasamtöl sem og að ræða framtíð skólans við lykilstarfsmenn og stjórnendur. Þar kom fram mikill áhugi á að fara í skipulagsbreytingar næsta haust sem tengjast bæði börnum og starfsmönnum. Ákveðið var á vordögum að ungbarnadeild yrði opnuð í tengslum við átaksverkefni borgarinnar, „brúum bilið“. Rökin fyrir þeirri ákvörðun okkar, um að hafa yngri börn skólans í Drafnarborg á tveimur deildum annars vegar og elstu börn skólans í Ljúflingsholti hins vegar, voru byggð á faglegum forsendum. Starfseminni hæfir betur að börn séu í húsnaði sem henta aldri þeirra og þroska. Samhliða þessum breytingum mun nær allt starfsfólk færast milli deilda.

Í lok maí fórum við í náms- og kynnisferð til Gdansk. Það reyndist góð leið til þess að þjappa hópinn saman.

Áherslur næsta skólaárs:

Megin áskoranir næsta vetrar verða fyrirnefndar breytingar sem skólinn stefnir að vegna opunar ungbarnadeilda í starfsstöðinni Drafnarborg, sem og að laga stefnu skólans að nýrri menntastefnu Reykjavíkurborgar.

Undanfarið ár höfum við markvisst verið að styrkja læsi og sköpun á öllum deildum leikskólans, meðal annars með stofnun læsisteymis og ráðningu kennara í listasmiðju. Í leikskólanum er stuðst við námsefnið „Ótrúleg eru ævintýrin“ eins og gert hefur verið undanfarin tuttugu ár. Með tilkomu nýrrar



Menntastefnu Reykjavíkurborgar, og styrk sem okkur var úthlutað vegna innleiðingar hennar, sjáum við nú tækifæri til að skerpa á þessum tveimur grundvallarþáttum menntastefnunnar innan skólans.

Við eflum enn læsi og sköpun og tengjum námsefnið „Ótrúleg eru ævintýrin“ við nýju menntastefnuna. Um leið bætum við áherslum við sem falla að jafnréttismarkmiðum Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Markmið okkar eru að börnin tileinki sér læsi í víðari skilningi þannig að þau sýni frumkvæði sem og skapandi og gagnrýna hugsun í örvandi og læsishvetjandi umhverfi.

Við hyggjumst styrkja enn frekar læsisumhverfi sem tekur tillit til aldurs barnanna. Á skipulagsdegi munum við bjóða öllum starfsmönnum námskeið í námsefninu „Lubbi finnur málbein“ þar sem við notum efnið að hluta til í skólanum nú þegar og viljum sjá það fara inn á allar deildir. Einnig ætlum við að þróa þetta starf inn í könnunarleik sem er notaður á yngstu deildum skólans og kaupa það námsefni sem þarf og tengist Lubba.

Þessi vinna hefst strax í haust með námskeiðinu og innleiðing fylgir í kjölfarið. Læsisteymi skólans mun í kjölfarið meta framgang vinnunnar í lok haustannar og aftur að vori.

Í nóvember hefst undirbúningsvinna leikskólans með „Ótrúleg eru ævintýrin“ en þá er valin þjóðsaga (ævintýri) vetrarins og unnið með hana frá áramótum og fram á vor. Við munum aðlaga þá vinnu að nýrri menntastefnu Reykjavíkurborgar. Fyrirhugað er að allt starfsfólk skólans sæki námskeið í Myndlistaskóla Reykjavíkur sem hefur verið í samstarfi við leikskólann í áraraðir. Með þessu viljum við styrkja allt starfsfólk skólans í að vinna með sköpun. Einnig höfum við hug á að fá höfund námsefnisins, Sigríði J. Þórisdóttur, á fund til að rýna með okkur í námsefnið og fylgja því eftir hvernig hægt sé að aðlaga og styrkja það með nýjum áherslum samhliða þeim gömlu.

Sú vinna verður síðan metin í mars og munum við loks fara í heildarmat að vori.



2 Innra mat deilda

Starfsstöðin Drafnarborg

Í Drafnarborg eru tvær deildir: Hlíð og Hóll.

Hlíð

Á Hlíð eru 13 börn sem fædd eru 2016 og 2017. Nýr deildarstjóri tók við á deildinni haustið 2018. Almennt gekk sú breyting vel, sem og þátttökuaðlögunin inn á Hlíð. Börnin komust fljótt upp á lagið með dagsskipulagið. Það var mjög skýrt og gekk þeim vel að fara eftir því.

Flestir viðburðir gengu jafnframt vel og áttum við gott samstarf við Hól um alla tyllidaga.

Þjóðsagan þetta árið var „Kerling vill hafa nokkuð fyrir snúð sinn.“ Það var gaman að vinna með hana og lesa hana fyrir yngstu deildina. Myndlýsingarnar voru frábærar. Samstarf við Hulduhóla og Ljúflingsholt var ánægjulegt og sérstaklega gaman að vinna með þeim. Vettvangsferðirnar voru æðislegar.

Vert er að hafa í huga fyrir næsta ár að gera markmiðin með kennslunni skýrari. Við munum skoða hvað deildin hyggst leggja áherslu á og hvernig við ætlum að gera það. Okkur finnst til dæmis tilhneyging til þess að þjóðsagan dragist á langinn og þætti betra að klára hana um páskana. Þá gæti vinnan orðið hnitmiðaðri. Vorskemað tæki svo við fram að sumarfríi. Gott væri að hafa deildarfundir eftir hvert skema, meta þannig vinnu hvers tímabils á meðan það er enn ferskt í minni og leggja á sama tíma línurnar fyrir næsta skema/tímabil. Við mættum vera duglegri að fara eftir skemanu í sambandi við söngva og vísur þannig að lagavalið verði markvissara og söngspjöld fleiri.

Merkingum inni á deildinni er ábótavant og þarf að finna lausn á því. Eins vantar merkingar fyrir börnin, þ.e setja ljósmyndir á hól (útmyndir) og við borðin (innmyndir). Við stefnum að því að gera verkefnið „svona er ég“ strax í fyrstu vikunni, jafnvel í aðlöguninni og leyfa þá foreldrum að taka þátt í því í listakrök.

Við stefnum að því að vera meira vakandi yfir Grænfánum og umhverfismenntuninni og setja inn dag í dagsskipulagið og ýta þannig undir að allir vakni til meðvitundar um málið.

Það væri gaman að hafa aðventustundirnar fjölbreyttari, lesa til dæmis stundum með myndvarpa.

Svo væri gaman að vera duglegri að fara á bókasafnið, frábært að fara með minni hópa í sögustund einu sinni í mánuði.



Umbótaþættir Hlið	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Umhverfis menntun	Setja skýrari markmið.	Finna strax eitthvað í umhverfinu sem við fylgjumst með. Vera með endurvinnslu tinnur sýnilegri.	Haust 2019	Deildarstjóri	Vor 2019	Skráning



HÓL

Á Hóli eru 18 börn. 5 börn eru fædd árið 2014, 8 börn eru fædd 2015 og 5 börn eru fædd 2016. Við höfum haft þessa barnastöðu allt árið. Einn deildarstjóri og tveir starfmenn vinna á deildinni. Í haust og í vetur var nokkur starfsmannavelta sem hafði áhrif á deildina og var óróleiki í börnum. Það voru meiri læti og hávaði en vanalega. Þetta tók nokkuð á uns börnin stilltust og allir fundu sitt pláss. Í febrúar bættist einn starfsmaður við til að sinna sérkennslu.

Aðlögun gekk mjög vel og lögðum við áherslu á að styrkja vinabönd og sjálfstraust og að ná áttum. Við nýttum okkur að eldri börnin (2014) tóku að sér að vera „stóra systir/stóri bróðir“ fyrir yngstu (2016) börnin. Eldri börnin voru mjög dugleg að aðstoða og tóku hlýlega á móti yngri börnunum.

Öllum starfsmönnum finnst aðstoða og útbúnaður til bleyjuskipta mjög léleg. Skiptiborð vantar og við skiptum á börnum á gólfinu á plastundirlagi. Þvottaaðstoða er bágborin og við notum barnavaska til að skola svampa og skítug föt. Við þurfum að fara á aðra deild til að geta þvegið börnin vel. Þegar börnin á Hlíð eru sofandi þurfum við á Hóli að fara með börnin út úr okkar húsi til að komast inn á það hjá Hlíð. Við þurfum að taka allt með okkur sem þarf til bleyjuskiptanna og klæða börnin eftir veðri. Þessu var lýst í mati 2017/18 en engar breytingar hafa orðið.

Við fórum reglulega á bókasafn með elsta hópinn eins og í fyrra. Við höfum fengið sérstaklega góð viðbrögð frá 2014 árganginum og ætlum að halda því áfram á næsta ári með börn fædd árið 2015.

Í haust og vetur var gaman að fylgjast með breytingum á veðrinu og í náttúrunni. Garðurinn býður upp á marga möguleika og fórum við reglulega í gönguferðir í nágrenninu.

Mat á þroska og líðan barnanna var unnið í nóvember 2018 fyrir foreldraviðtöl. Málþroskamat var gert hjá hverju barni reglulega, a.m.k. tvisvar á ári með TRAS prófi fyrir 2ja ára til 5 ára börn og með EVI prófi hjá 3ja ára börnum.

Dagskipulag hefur reglulega verið metið á deildarfundum og skipulagsdögum og því breytt þegar þurfa þótti.

Það gekk ótrúlega vel að undirbúa komu jólanna. Við unnum eftir jólaskemu og þrátt fyrir troðfullt skipulag tókst að skapa rólegar og hæglátar stundir.

Í mars vorum við með nema frá Noregi í fimm vikur. Slíkt gefur okkur alltaf tækifæri til að skoða hvernig við gerum hlutina hér á deildinni og fá nýjar hugmyndir. Við endurmátum fataklefan og ákváðum að gefa börnunum meiri tíma til að klæða sig. Starfsfólk deildarinnar hélt sér til hlés til að



efla sjálfstæði barnanna. Þá var ákveðið að nýta rýmið inni á deild fyrir framan fataklefann og fengu börnin þannig meira pláss til að klæða sig.

Við unnum með þjóðsöguna „Kerling vill hafa nokkuð fyrir snúð sinn“ frá janúar til maí og fórum eftir skipulagi frá starfsdegi og skema sem þá var gert. Stór hluti hugmynda komu frá börnunum sjálfum. Þeim fannst skemmtilegast að byggja og innrétta kofa. Einnig féll í góðan jarðveg að tjá sig með tónlist og hljóðfærum. Vinnan gekk mjög vel í upphafi en datt dálítið niður við komu norska nemans. Frábært var að fá stuðning frá verkstæðinu úr listaskálanum sem við fengum tvisvar í viku, hálfan dag í senn. Áhugavert var að nota hljóðupptökutæki til að taka upp frásögn byggða á sögunni frá hverju einasta barni. Þetta vorum við að gera í fyrsta skipti og fannst börnunum spennandi að heyra sína eigin rödd. Sumir samþykktu ekki fyrstu útgáfu og breyttu henni þangað til þau voru ánægð. Öllum starfsmönnum finnst tímabilið með þjóðsöguvinnuna of langt og að það hefði mátt hætta fyrr.

Fyrir vor og sumar ákváðum við að efla leikgleði, hreyfigetu og þol barnanna með útiþróttum, gönguferðum og að nýta til þess leiktæki, hjól og stigana okkar. Við buðum upp á ýmis efni og gripi, vatn, kenndum fleiri leiki og vorum sem mest úti. Allir, börn og starfsmenn, sýndu mikla hugmyndaauðgi sem gerði þennan árstíma skemmtilegan og fjölbreyttan.

Í sumar flytja öll börn frá Hóli niður á 3 aðrar deildir í Dvergasteini. 2014 börnin fara í skólahóp til „Holts“, 2015 börnin á Trölladyngju og 2016 börnin á Álfheima. Drafnarborg verður ungbarnaskóli með 2017/18 börnum á báðum deildum. Deildarstjóri Hóls tekur við deildarstjórn á Trölladyngju næsta vetur.



Umbótaþættir Trölladyngja	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Læsi	Að auka jákvæði fyrir því að skoða og láta lesa fyrir sig bækur sem börnin velja sjálf.	Fara reglulega á bókasafn og velja sér bækur. Börn koma með bækur frá heiman.	Allt árið með elsta hópinn	Deildastjóri, starfsmenn deildar	Fá lánað bækur, fara í sögustund. Sögustundir, nota tilboð á bókasafninu; lesa bækur sem börnin koma með. Skrá bækurnar og endurmeta einu sinni um veturinn og vor með börnunum í hópavinnu hvernig það gekk og hvort að það á að halda áfram.	Yngri börnin „smitast“ og finnist gaman að fá bækur frá bókasafninu Mæti taka yngri börn ef það er vel mannað og bóka meiri sögustundir á bókasafninu.



Starfsstöðin Dvergasteinn

Í Dvergasteini eru fjórar deildir: Ljúflingsholt, Hulduhólar, Álfheimar og Trölladyngja.

Ljúflingsholt

Ljúflingsholt er yngsta deildin í Dvergasteini og eru þar 18 börn fædd 2016 og 2017.

Nýr deildarstjóri hóf störf í Ljúflingsholti í ágúst (2018). Aðeins var einn upprunalegur starfsmaður eftir á deildinni en þrír starfsmenn hófu störf fljótlega eftir sumarfrí. Vegna manneklu í upphafi skólaárs byrjuðum við ekki að aðlaga fyrr en 3. september. Mikil veikindi meðal starfsmanna í allan vetur auk þó nokkurrar starfsmannaveltu hefur oft á tíðum valdið gífurlegu álagi. Leikskólastjóri og deildarstjóri tóku innritunarviðtöl við alla nýja foreldra. Það þykir mjög gott fyrirkomulag að deildarstjórar fái að vera með en það hefur ekki verið gert áður.

Þátttökuaðlögun haustsins tókst vel en þegar seinasti og yngsti hópurinn (börn frá 16 mánaða aldri) hóf aðlögun var álag orðið verulegt á deildinni. Hefði kannski mátt bíða í 7-10 daga með þennan hóp þar til meiri ró væri komin á með hin börnin og starfsmannamál komin í betra lag. Börnunum á deildinni er skipt í þrjá hópa eftir aldri; græna, rauða og gula hóp og hefur hópastarf oftast nær farið fram í þessum hópum. Hver hópur fylgir vikulega dagskipulaginu. Við höfum haft samverustund á hverjum degi þar sem sungin eru lög sem eru á skemanu fyrir þema hausts (haustið, líkaminn og litir) og vors (þjóðsagan). Mörg lög eru með hreyfingum/táknmáli og þykir okkur það einkar skemmtilegt og hjálplegt fyrir þau yngstu. Þá höfum við verið mjög dugleg að lesa bækur fyrir börnin og lesum sögurnar mörgum sinnum til þess að muna þær betur. Við notum hjálpargögn til málörvunar, til dæmis sögugrunn, til þess að gera sögurnar meira spennandi í hvert skipti.

Við höfum tekið þátt í öllum viðburðum skólans, sem eru við hæfi aldurshópsins á deildinni. Þegar þjóðsagan hófst í janúar byrjuðum við strax á allri vinnu í kringum hana. Við höfum verið mjög dugleg að lesa söguna og tala um hana við börnin. Þessi saga virtist höfða vel til barnanna og sýndu þau henni áhuga. Gott samstarf hefur verið milli yngri deildanna í kringum þjóðsöguna.

Næstkomandi haust fylgir þessi hópur, að mestu, núverandi deildarstjóra yfir á Hulduhóla og eru miklar breytingar væntanlegar í skólanum.



Umbótaþættir Hulduhóla	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Markvissari samverustundir	Aukinni athygli bæði barna og starfsfólks í samverustundum	Með meiri skipulagningu á efni til að nota í samverustundum, eflingu og undirbúning starfsfólks	Hefst ágúst 2019 Endurmat mun fara fram áramót 2019/20	Deildarstjóri og allt starfsfólk deildarinnar.	Deildarfundir verða notaðir til að tala um hvernig gengur og hvað má enn þá bæta, skráning verður með börnum í samverustundum með hvatningardagatali	Skráning með dagatali og deildarfundir og rýni



Hulduhólar

Í haust voru 15 börn á deildinni, eitt barn bættist við í janúar og annað í apríl. Aldursbilið var frá 07. 2015 – 07. 2016, 5 börn fædd 2015 og 10 fædd 2016, sem er nokkuð yngra en hefur verið undanfarin ár. Aðlögun á milli deilda gekk vel en tók nokkuð langan tíma fyrir sum af þeim börnum sem komu ný í skólann. 3 sérkennslutímar voru á deildinni strax frá byrjun hausts en seinna bættust við 5 tímar.

Tveir starfsmenn, fyrir utan deildarstjóra, voru áfram á deildinni frá síðasta vetri og bættist einn starfsmaður við hálfan daginn til viðbótar. Einn starfsmaður var í 80% stöðu og kom starfsmaður í 20% vinnu á móti. Tvær voru barnshafandi og fóru í barneignarleyfi í október og mars. Frá áramótum fór sá starfsmaður sem hafði verið í 20% hlutfalli upp í 100% starf á deildinni. Nýr starfsmaður byrjaði í 80% starfi í mars og sinnti sérkennslu, í maí kom starfsmaður á móti henni í 20% stöðu. Börnin fóru einu sinni í viku til kennara í listasmiðju.

Í hópastarfi spiluðum við og lékum aðra leiki sem stuðla að málörvun. Einnig var hreyfing í sal þar sem einblínt var á að efla grófhreyfingar barnanna. Í haust vorum við líka með könnunarleik í hópastarfi en einingakubba eftir áramót. Farið var með einn hóp í gönguferð a.m.k. vikulega í haust og í vor. Þjóðsöguvinnan gekk nokkuð vel í vetur. Börnin fóru einu sinni í viku til kennara í listasmiðju og sá hún að mestu um listaverkagerð tengt þjóðsögunni. Þá reyndi á hugmyndaflug starfsmanna að finna annarskonar verkefni sem byggðust á henni. Við unnum sameiginlega verkefni með Hlíð og Ljúflingsholti í tengslum við þjóðsöguna. Við hittumst einu sinni á hverjum stað þar sem við gerðum eitthvað saman tengt sögunni.

Hópastarfið hefði mátt vera fjölbreyttara og markvissara í vetur. Allir starfsmenn fengu undirbúning og gekk ágætlega að halda honum. Við hefðum þó mátt halda deildarfundi oftar til þess að fara saman yfir markmið starfsins og stilla saman strengi.

Deildarstjóri gerði TRAS skráningu á öllum börnum á deildinni og EFI-2 skimun á þeim sem voru komin yfir þriggja ára aldur.

Almennt einkenndist starfið í vetur af því að efla sjálfshjálp barnanna. Það tókst mjög vel og er stór munur frá því í haust, þau gátu t.d. flest öll klætt sig að mestu sjálf um vorið.

Mikil endurskipulagning er framundan næsta haust. Deildarstjóri Hulduhóla mun taka við Álheimum og fara flest börnin af Hulduhólum með henni. Deildarstjóri Ljúflingsholts mun taka við Hulduhólum.



Umbótaþættir Álfheima	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Málörvun í daglegum samskiptum.	Að starfsfólk sé meðvitað í virkum samskiptum við börnin.	Starfsfólk skráir tíðni samskipta við börnin.	September 2019 – desember 2019	Deildarstjóri og deildarstarfsmenn.	Skráningar sem farið er reglulega yfir á deildarfundum	Að starfsmenn haf betri yfirsýn yfir málþroska barnanna og séu meðvitaðri í samskiptum við þau.
Markvissara hópastarf	Að hópastarf sé marvissara: fjölbreytt og með skýr markmið.	Allir deildarstarfsmenn fá tíma til að undirbúa hópastarf og leiðsögn ef þess er þörf. Markmið ákveðin sameignlega á deildarfundum. Skráning haldin yfir allt hópastarf.	September 2019 – maí 2020	Deildarstjóri og deildarstarfsmenn	Undirbúningur og deildarfundir þar sem farið er saman yfir markmið starfsins og vinnan samræmd. Hópastarf skráð og farið yfir á deildarf.	Skipulagðara og markvissara hópastarf.



Álfheimar

Síðustu 3 ár hafa Álfheimar og Trölladyngja unnið mikið saman. Sami aldur var á báðum deildum og sameiginlegt dagskipulag. Vegna fækkunar í barnahópi elstu barna var ákveðið að breyta samstarfi deildanna þetta skólaárið og þeim aftur aldursskipt. Á Álfheimum eru 11 börn fædd 2014 og 8 börn fædd 2015. Níunda barnið í þeim árgang bættist við í janúar 2019, þá urðu börnin alls 20 á deildinni. Samstarf Álfheima og Trölladyngju hélt áfram að hluta til í sameiginlegu vali einu sinni í viku og einnig unnum við saman í umhverfismennt.

Barnahópurinn stækkaði á vorönn og við fundum fljótt fyrir því. Pláss skorti og meira þurfti að leita en það varð fljótt skárra með hlýrra veðri og einföldum en sniðugum skipulagsbreytingum.

Í október var haldin lestrarhátíð í Reykjavík því borgin er ein af bókmenntaborgum UNESCO. Þemað í ár var 100 ára fullveldi Íslands. Fullveldið var rætt við börnin og allir gerðu sinn fána. Þetta var ekki eins vel heppnað í ár og undanfarið. Líklega var umræðuefni of þungt.

Þjóðsöguvinnan gekk vel í ár, betur en í fyrra. Við tókum fyrir söguna „Kerling vil fá nokkuð fyrir snúð sinn“ sem hentaði vel. Börnin tengdu fljótt og sagan var komin um allt hús í formi hlutverkaleikja og öðru skemmtilegu. Orðaforðiinn úr sögunni hefur skotið rótum og börnum gengið vel að endursegja söguna.

Á vorönn fóru Álfheimar alla miðvikudaga í listaskálann til listgreinakennarana. Þær tóku börnin til sín út frá hópaskiptingu deildarinnar og gekk það glimrandi vel. Það var ekki bara frábært vegna þess að það létti töluvert á okkur hérna á deildinni heldur líka vegna þess hve börnin voru ánægð og hvað mörg verkefni voruð kláruð. Við nýttum miðvikudaga í undirbúning fyrir starfsfólk deildarinnar og eftir áramótin hefur varla fallið niður undirbúningur starfsfólks. Þær unnu verkefni í tengslum við líðandi stund s.s. þjóðsöguvinnu, páska og sumar.

Við færðum eitt borð út af deildinni til að auka gólfpláss í leik fyrir börnin. Það hefur komið mjög vel út.

Í byrjun haustannar byrjuðum við að drekka bara á einu borði í kaffitímanum og voru tveir starfsmenn á deildinni frá kl. 14 á þriðjudögum og fimmtudögum, vegna undirbúnings. Þetta gekk mjög vel alla haustönnina en það varð ekki eins einfalt þegar börnunum fór fjölgandi eftir áramót. Það einfaldaði þó að hafa borðið frammi og þá var hægt að hafa frjálsan leik á deildinni. Í mars byrjuðum við einnig að hafa morgunmatinn frammi og gekk það vel. Foreldrar hafa haft orð á því hvað það er notaleg að koma á morgnana.



Deildarstjóri Álfheima mun taka við deildarstjórn á Ljúflingsholti næsta vetur.

Umbótaþættir Ljúflingsholt	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun,rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Frammi-borð og matartími	Nota hugmyndina um að færa borð fram. Að borðað verði í tveimur hollum. Annar hópur borðar á meðan hinn er í frjálsum leik	Tveir starfsmenn borða með börnum meðan sá þriðji fylgist með frjálsum leik	Þegar nýja deildin verður opnuð	Deildarstjóri og fastir kennarar	Við endurmetum stöðuna í byrjun október og leggjum til breytingar ef þörf er á	Að 25 börn og 3 kennarar geti farið í gegnum matartímann rólega, án stress og liðið vel
Nýta listasmiðju og Sérkennslu	Að geta nýtt aðstoð frá öðrum í húsinu til að fá svigrúm til undirbúnings	Listasmiðja tekur börn tvisvar í Lubba og sérkennslan tekur að sér lubbatíma	Þegar nýja deildin verður opnuð	Deildarstjóri, sérkennslustjóri og listasmiðja	Við endurmetum stöðuna í byrjun október og leggjum til breytingar ef þörf er á	Að allir fá sinn undirbúning án þess að það bitni á börnum og öðrum starfsmönnum



Trölladyngja

Á Trölladyngju eru 24 börn og þrír starfsmenn. Deildin byrjaði með 21 barni en bæði hafa börn hætt og ný byrjað í staðinn og er lokatalan eftir veturinn 16 börn í elsta árgangi og 8 í þeim yngri eða alls 24 börn. Síðastliðin þrjú ár hafa Trölladyngja og Álfheimar verið með börn á sama aldri og unnið með sama dagskipulag. Vegna mikillar fækkunar í elsta árgangi var þó ákveðið að hafa aðeins eina elstu deild og Trölladyngja varð elsta deildin ásamt 8 börnum af yngri ári. Sérkennsla hefur verið á deildinni og hafa þá komið inn sérkennslustarfsmenn.

Haust og vetur fóru ágætlega af stað. Við tókum á móti börnum af tveimur deildum leikskólans, Álfheimum og Hól og gekk sú aðlögun vel. Dagskipulagið breyttist aðeins, heimspeki varð fastur liður. Var um að ræða tilraunaverkefni hjá nýjum starfsmanni og gekk það ágætlega. Námsefnið og vinnan þróaðist smám saman og er áhugi fyrir því að halda þessu starfi áfram. Vinna með elstu börnunum breyttist. Starfsmaður af deildinni var virkjaður sérstaklega til að taka „Lubbi finnur málbein“ markvisst yfir veturinn. Fóru öll börn deildarinnar, þ.e. eldra og yngri árið, í þá vinnu og gekk það mjög vel. Unnið var með verkefnabók sem útbúin er sérstaklega fyrir elstu börnin. Heimsókn í Vesturbæjarskóla er fastur liður yfir veturinn og fer yfirleitt í gang eftir áramót. Börnunum er boðið á ýmsa viðburði tengda listum og menningu ásamt því að fá slökkviliðið og umferðarskólann í heimsókn.

Fastir viðburðir haustannar voru unnir, en mætti þó festa enn betur inn í starfið næsta vetur. Mætti þar nefna vinakakó sem var farið í oftari en áður, dag íslenskrar tungu sem gekk vel en við áttuðum okkur á að við hefðum mátt ákveða lög og byrja að æfa fyrr. Einnig var haldinn bangsa-/náttfatadagur sem er örugglega einn af skemmtilegustu dögum ársins!

Októbermánuður gekk ágætlega. Við tókum fyrir 100 ára afmæli fullveldis Íslands og unnum með skjaldarmerkið. Mjög gaman var að taka þátt í þessu verkefni. Þetta árið var þó áherslan svolítið þung fyrir leikskólaaldurinn og var því enn meira krefjandi fyrir starfsfólk að vinna með það.

Í desember erum við með gott skipulag sem hefur rúllað ár frá ári. Á þessu skólaári breyttum við aðeins til og er almenn ánægja með þær breytingar. Þar ber helst að nefna að jólaleikritið var sýnt í Drafnarborg. Aðventustundum var skipt á milli deilda og áfram var bakað í salnum við góðar undirtektir.

Við byrjum alltaf nýtt ár á þjóðsöguskema. Í heildina var allt skemað unnið og erum við ánægð með árangurinn. Helsti ókostur að mati starfsfólks var aðkoma nema og vera þeirra truflaði starfið of mikið. Hefur þetta áður verið nefnt og höfum við gert breytingar í dagskiplagi varðandi það. Á þessu



ári fengum við hins vegar ekki aðeins nema frá Noregi heldur einnig tvo íslenska meistaranema sem voru á sama tíma. Þjóðsöguvinnan var fram í maí og endaði með sýningu og systkina- og foreldrakaffi. Sagan komst á gott flug og var gaman að vinna hana með börnunum. Farið var í skemmtilega ferð á slóðir huldufólks í Hellisgerði.

Einhverjar breytingar gerðum við á föstum viðburðum eins og t.d. Þorrablóti þar sem Álfheimar og Trölladyngja héldu sameiginlegt blót í salnum. Gamán var að vera saman í salnum og skapaði samveran stemmningu. Það tók þó ansi langan tíma að skammta börnunum mat og starfsfólki fannst leiðinlegt að sitja ekki til borðs með þeim.

Í listasmiðju starfa tvær textílmennataðar konur og fer þar fram mjög skemmtilegt starf. Listasmiðjan hélt að mestu leyti utan um myndlistarvinnu barnanna í vetur og mátti sjá meiri fjölbreytni í vinnu. Stundum hefði mátt skipuleggja betur með deildinni hvað væri verið að vinna og hvernig það væri framkvæmt.

Leikskólinn er grænfánaskóli og hefur verið síðastliðin 8 ár. Í ár höfum við verið að vinna með lífbreytileikann. Hver deild heldur utan um sitt verkefni og felast þau helst í vinnu tengdri náttúrunni og endurvinnslu. Haldnir eru fundir þar sem grænfánaráð (elstu börn leikskólans ásamt einum starfsmanni frá hverri deild og foreldri) kemur saman og fer yfir þau verkefni sem verið er að vinna og ræðir hugmyndir að nýjum. Umhverfismennt var fastur liður í dagskipulagi og ákváðu Trölladyngja og Álfheimar að vinna saman að þeim lið. Úr urðu þrjár hópar sem unnu á mismunandi svæðum, úti og inni. Unnið var markvisst með lífbreytileikann. Þar kom inn molta, fuglalíf, gróður, pappírsgerð og ýmislegt annað.

Leikskólinn er í Erasmus+ Hobs adventure samvinnuverkefni, á milli 4 landa, Íslands, Eistlands, Lettlands og Slóveníu, um gerð námsefnis fyrir 5-9 ára börn um lífbreytileika. Þátttakendur í verkefninu þróa og búa til námsefniseiningar til notkunar í leik- og grunnskólum. Landvernd og Skólar á grænni grein (grænfánaverkefnið) halda utan um þessa vinnu hér á landi.

Í febrúar 2018 hlaut leikskólinn Drafnarsteinn styrk frá þróunarsjóði skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur til þess að þróa aðferð við að búa til bók með elstu börnum leikskólans.

Í leikskólanum hafa tvær elstu deildarnar unnið saman síðastliðin 3 ár, og ákváðu deildarstjórar þessara tveggja deilda að sækja um þennan styrk í kjölfar þeirrar samvinnu. Um haustið urðu þó breytingar og aðeins ein elsta deild varð í leikskólanum. Út frá því var tekin ákvörðun um að halda vinnunni áfram en að deildarstjóri yngri deildar kæmi inn í starfið einu sinni til tvisvar í viku með deildarstjóra elstu deildar, þar sem upphaflega var þetta skráð samvinnuverkefni þeirra. Almennt



gekk vinnan vel, börnin virkir þátttakendur, við fengum rithöfund og ljóðskáld í heimsókn, fórum í hugmyndaferðir um hverfið og kíktum á bókasafnið. Barnahópurinn og dagskipulag breyttust yfir veturinn og þurfti að aðlaga vinnuna að því. Verkefnið var skemmtileg viðbót við annað starf með elstu börnum og er von okkar að það verði árvísið útskriftarverkefni elstu barna leikskólans.

Deildarstjóri Trölladyngju tekur við deildarstjórn á Hóli næsta haust sem verður þá með yngstu börn skólans. Því gerir hún ekki umbótaáætlun fyrir næsta vetur.



Listaskáli

Kennarar Listaskála eru tveir. Þar af er annar í stöðu verkefnisstjóra í sköpun og hinn í hlutastarfi.

Sú nýbreytni varð um áramót að ráðið var í stöðu verkefnisstjóra í listum. Það er full staða sem snýr að starfi í sköpun í nær öllum skólanum. Að auki er kennari í hlutastöðu í listaskála, sem hefur verið tvo daga í viku með elstu börnum skólans í nokkur ár.

Listaskáli er staðsettur í miðrými hússins. Rýmið er óhentugt til myndlistarkennslu þar sem það er mjótt og langt og þar er ekki er pláss fyrir trönur, né er þar gott gólfpláss. Veggpláss er ekkert fyrir vinnu með myndvarpa og upphengi verka. Þegar líða fór á veturinn fundum við fyrir að almennt var meiri virðing borin fyrir listaskála en áður, að þetta væri ekki geymslurými og umgengni skánaði til muna.

Kennsluaðferðir eru sóttar í hugmyndafræði Reggio Emilia, þannig að við leggjum áherslu á verkferlið en ekki útkomuna. Við teljum okkur að hafa verið með markvissa og vel skipulagða myndlistarkennslu í vetur. Smá tíma tók að slípa saman stundaskrá og stærð barnahópa miðað við rýmið. Veturinn gekk vel í að framfylgja árstíðabundinni vinnu, sbr. jól, páska og þjóðsöguna. Samstarf við aðra kennara og deildarstjóra hefur gengið mjög vel í vetur, eftir að listasmiðja varð sér deild og með fullgilda stundaskrá.

Við viljum bæta okkur í að fara með börnin á menningarviðburði samanber myndlistarsýningar og kynna fyrir þeim helstu söfn borgarinnar.

Richard Spiller kom og heimsótti okkur í 3ja sinn í apríl með verkefni tengt flugdrekum sem dattu inn í Barnamenningarhátíð. Verkefnið gekk mjög vel og tók um 3 vikur. Haldin var sýning á flugdrekunum á leikskólalóðinni. Grein birtist í Fréttablaðinu um viðburðinn. Í október kom Richard aftur og vann brúðuleikhús með börnunum sem endaði einnig í sýningu í SÍM- salnum Hafnarstræti.

Væntingar og hugmyndir af næsta vetri: Gaman væri að sækja um að vera með á Barnamenningarhátíð og undirbúa þátttöku með góðum fyrirvara. Taka inn í stundaskrána eins og þjóðsöguna.

Fara einu sinni í mánuði á sýningar.

Meiri útivinna, sérstaklega á sumrin.

Taka inn meiri textíl, nýta þekkingu okkar.



Umbótaþættir Listaskála	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
vettvangsferðir	Fara á listasöfn og ýmsa menningarviðburði. Vettvangsferðir í nærumhverfi	Bæta skipulag	Að hausti, 1. október	Kennarar listaskála	Bæta skipulag, gera áætlanir og vinna úr upplýsingum	Förum að ári liðnu yfir árið og metum hvernig til tókst.



3 Ytra mat

Stafsmannakönnun var gerð á vegum Reykjavíkurborgar haustið 2019. Niðurstöður könnunarinnar verða notaðar til starfsþróunar og eflingar starfsmannahópsins á næsta starfsári.

4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl fóru fram á vorönn. Fræðsla fór fram á skipulagsdögum sem og í náms- og kynnisferð í maí í Gdansk í Póllandi. Á skipulagsdögum fór fram fræðsla í fjölmenningu, vinnustund og í þeim skimunarpáttum sem við notum í leikskólanum. Við fengum Landvernd til að vera með fræðslu. Í Gdansk fórum við á „Leikum og lærum“ námskeið og á námskeið í núvitund.

5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Áherslur í samstarfi Vesturbæjarskóla og Drafnarsteins felast fyrst og fremst í því að brúa bilið á milli skólastiganna. Með því að stuðla að góðu samstarfi á milli skólastiganna er hægt að auðvelda elstu börnum leikskólans að takast á við þær breytingar sem flutningur á milli skólastiganna er.

Væntanlegir grunnskólanemendur fá að skoða húsnaði skólans, kynnast starfinu og hitta varðandi kennara sína.

Áætlaðar eru þrjár heimsóknir barnanna í Vesturbæjarskóla auk þess sem nemendur úr fyrsta bekk Vesturbæjarskóla koma í heimsókn í leikskólann.

Að vori hittast sérkennslustjórar skólanna auk viðkomandi deildastjóra og fara yfir barnahópin samt því að ræða þau börn sem fengið hafa sérkennslu eða önnur sérúræði á vegum leikskólans.

Grunnskólinn fær auk þess í hendur niðurstöður Hljóm-2 (hljóðkerfis -og málvitundarathugun) sem gerð er á elsta árgangi að hausti.

Áfram verður unnið að nýrri samstarfsáætlun skólanna, bæði varðandi læsi, sem og flutning barna á milli skólastiga.



6 Foreldrasamvinna

Við leggjum mikið upp úr góðri foreldrasamvinnu. Fyrstu viðtöl tekur leikskólastjóri ásamt deildarstjóra viðkomandi deildar. Þar er farið fyrir skólastarfið og fylltir út pappírar. Foreldrar hafa þar kost á að ræða það sem þeim liggur á hjarta. Öllum foreldrum eru boðið upp á foreldraviðtöl á miðjum vetri. Það sem okkur finnst mikilvægast er daglegt samtal heimili og skóla. Foreldrar geta náð sér í efni, myndir og matseðla svo eitthvað sé nefnt á heimasíðu skólans. Ekki hefur þó verið nægilega mikill tími settur í hana í vetur.

Stjórn foreldrafélagsins er í góðu samstarfi um viðburði sem þau vilja halda. Ekki náðist að fullmanna foreldraráð.

7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar leikskólans voru sex, en tveir þeirra voru notaðir í náms- og kynnisferðina.

Næsta vetur verða þeir sem hér segir:

20. september – Farið verður í mat á aðlögun á börnum, starfsfólki og breytingunum sem fara í hönd í haust.

4. október – Lubbi finnur málbein. Starfsfólk fær námskeið og tíma í útfærslu.

18. nóvember – Ótrúleg eru ævintýrin. Þjóðsaga vetrarins ákveðin og útfærð

20. janúar – Myndlistaskóli Reykjavíkur. Starfsfólk fær námskeið og tíma í útfærslu.

7. febrúar – Leikskólaráðstefnan og deildarfundir

29. maí – Matsdagur



8 Fylgigögn

Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning

Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Fylgiskjal 3 - Leikskóladagatal

Fylgiskjal 4 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans

Leikskólastjóri

Dagsetning



Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning

Vísbending	Já eða nei/fjöldi	Ef nei, þarf að koma tímasetning um áætlun á innleiðingu hér.
Hversu mörg börn í 1. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum?	0	
Hversu mörg börn í 2. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum	4	Eitt barn fékk að auki fjármagn í maí vegna hegðunar- og tilfinningavanda. Eitt barn er til viðbótar er í 2. flokki vegna líkamlegra veikinda
Hversu mörg börn njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum frá sérkennslustjóra (önnur en börn í 1. og 2. flokki)	5	Vegna málþroskavanda og vegna hegðunarörðugleika
Hve margir sinna sérkennslu/stuðningi í leikskólanum?	4	
Er til áætlun um málörvun í leikskólanum?	já	Læsisstefna- málörvun er haldið á lofti í gegnum allt daglegt starf-samverustundir-hópastarf-þjóðsöguvinna. Efi-2 málþroskaskimun er tekið á börnum sem hafa aldur til og Tras skráningarlisti er tekið á öllum börnum. Viðeigandi íhlutun og úrræði í samstarfi við foreldra eru gerð ef þörf krefur. Áætlað er að nota Gefðu 10 aðferðina með markvissri skráningu
Er til áætlun um snemmtæka íhlutun í leikskólanum?	já	Já unnið samkvæmt sérkennslustefnu leikskólasviðs Reykjavíkurborgar um snemmtæka íhlutun. Í skólanámskrá Drafnarsteins er tilgreint að börn með einhverskonar þroskafrávik, eiga rétt á einstaklingsnámskrá sem unnin er í samstarfi leikskóla og foreldra og lögð er áhersla á markvissa vinnu með skýrum markmiðum. Um leið og barn greinist með frávik í þroska er gripið til



		<p>íhlutunar og markviss vinna sett í gang til að koma til móts við barnið. Unnið er í samstarfi við foreldra og fagfólk þjónustumiðstöðar ef um hugsanleg þroskafrávik er að ræða. Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða er sú þjónustumiðstöð sem leikskólinn er í mestum samskiptum við. Fjallað um að leikskólinn vinni samkvæmt hugmyndafræði um skóla án aðgreiningar og einstaklingsnámskrár eru í boði.</p> <p>Stefnt er að áætlun um snemmtæka íhutun verði tilbúin ágúst 2020.</p>
Eru gerðar einstaklingsnámskrár í samvinnu við hagsmunaaðila (foreldrar, börn og starfsfólk)	já	Mætti þó vera meira gert í samstarfi við starfsfólk deilda
Eru einstaklingsnámskrár í virkri notkun?	já	Mætti þó vera meira í notkun meðal almennra deildarstarfsmanna
Þekkir starfsfólk deildarinnar þær áherslur sem verið er að vinna með hverju sinni fyrir börn með stuðning?	Já að einhverju leyti	Betur þarf að huga að því að allt starfsfólk deilda sé meðvitaðra um markmið út frá einstaklingsnámskrám
Eru reglulegir teymisfundir með foreldrum/forráðamönnum og öðrum sérfræðingum sem að barninu koma?	Já	Á 6- 8 vikna fresti
Er veitt ráðgjöf og stuðningur til foreldra?	já	Á teymisfundum og einnig ráðgjöf í gegnum tölvupósta og síma. Foreldrar geta fengið viðtal við sérkennslustjóra þegar þeir óska þess.
Er samstarf við þjónustumiðstöð og aðrar stofnanir?	já	Ef já þá hvaða aðrar stofnanir Samstarf við Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða. Samstarf við Tröppu. Samstarf við greiningar-og ráðgjafarstöð ríkisins



Er samvinna milli sérkennslustjóra og starfsmanna leikskólans?	Já	<p>Já en þarf að huga betur upplýsingagjöf um markmið sem þarf að vinna með út frá einstaklingsnámskrám barna með fjármagn vegna stuðnings. Ráðgert að koma á deildarfundum. Einnig að sérkennslustjóri fari á haustin með deildarstjóra yfir barnahópinn og hugað sé að aðkomu sérkennslustjóra að þeim málum sem þarf. Auk þess hvernig skal staðið að málörvun barna með málörðugleika.</p>
Veitir sérkennslustjóri fræðslu, ráðgjöf og stuðning til starfsmanna?	já	<p>Sérkennslustjóri veitir ráðgjöf bæði að eigin frumkvæði og þegar er leitað til hans. Ráðgjöfin mætti vera með markvissari hætti, til dæmis að sérkennslustjóri geti komið inn á skipulagsdag og kynnt starf sitt og markmið sérkennslu í leikskólanum. Auk þess að sérkennslustjóri komi meira inn á deildarfundum og fari yfir markmið úr einstaklingsnámskrám</p>



Niðurstöður innra mats

Í sérkennslu er ekkert barn sem tilheyrir 1. flokki. 4 drengir njóta sérkennslu og eru í 2. flokki. Einn drengur var með fjármagn fram í nóvember og flutti síðan út fyrir landsteinana. Einn drengur tilheyrir 2. flokki og er með fjármagn vegna líkamlegra veikinda. Ein stúlka tilheyrir 2. flokki síðan í maí. Sérkennslustjóri er með 5 börn á sinni könnu sem tilheyra hvorki 1. né 2. flokki, það er vegna málþroskavanda og eitt barn vegna hegðunar- og tilfinningalegs vanda. Í sérkennslu starfar sérkennslustjóri ásamt fjórum öðrum starfsmönnum.

Markviss málörvun á sér stað í leikskólanum og er rauður þráður í gegn um allt daglegt starf. Einnig eru skipulagðar málörvunarstundir bæði í hópastarfi, samverustundum og í einstaklingsþjálfun. Auk þess er málörvun í gegn um leik og söng. Bækur eru aðgengilegar á öllum deildum og bókalestur er í samverustundum og hópastarfi. Unnið er með þjóðsögu í gegnum námsefnið „Ótrúleg er ævintýrin“ þar sem þjóðsögu er fléttað inn í námsþætti Aðalnámskrár leikskóla. Lögð er áhersla á dýpri orðaforða og orðasambönd út frá vinnu með þjóðsöguna. Í læsisstefnu leikskólans eru tilgreindar leiðir til að efla málþroska og hvernig er fylgst með framförum. Í leikskólanum er lögð fyrir EFI-2 málþroskaskimun fyrir öll börn á 4. aldursári. Þegar börn koma slök út úr þeirri skimun er beðið um þjónustu talmeinafræðings frá Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða og unnið málþroskamát. Út frá niðurstöðum málþroskamats er leitað viðeigandi úrræða. Í Drafnarsteini nota allir deildarstjórar TRAS sem er skráning á málþroska. Út frá þeirri skráningu er lögð áhersla á íhlutun til að efla málþroska. Í foreldraviðtölum er lögð áhersla á að virkja foreldra til að lesa fyrir börnin sín og spyrja spurninga út úr sögunum til þess að efla orðaforða þeirra og styðja við heyrnræna úrvinnslu.

Leikskólinn starfar samkvæmt sérkennslustefnu leikskólasviðs Reykjavíkurborgar. Þjónusta við börn með sérþarfir er veitt samkvæmt *Lögum um leikskóla nr. 90/2008, lögum um málefni fatlaðra nr. 59/1992, Barnalögum nr. 76/2003 og Barnaverndarlögum nr. 80/2002*. Leikskólinn styðst við hugmyndafræði *leikskóla án aðgreiningar og snemmtækrar íhlutunar*. Unnið er samkvæmt hugmyndafræði snemmtækrar íhlutunar þar sem lögð er áhersla á að unnið sé markvisst eftir viðurkenndum aðferðum til þess að hægt sé að hafa sem mest áhrif á þroskaframvindu barna eins snemma á lífsleiðinni og unnt er. Sérkennslutímar eru nýttir til stuðnings samkvæmt einstaklingsnámskrám og fer þjálfun fram í hóp eða unnið með barn eitt og sér og byggist það þá á faglegum rökstuðningi. Sérkennslutímar byggjast á því að barnið eigi fulla hlutdeild í leikskólasamfélaginu.



Börn sem eru með fjármagn vegna stuðnings eru með einstaklingsnámskrár út frá APES færnimatslista. Sérkennslustjóri gerir einstaklingsnámskrár í samvinnu við starfsfólk í sérkennslu, sem og í samráði við deildarstjóra og við foreldra á teymisfundum. Unnið er að markmiðum í einstaklingsþjálfun og inni á deild. Huga þarf betur að því að allt starfsfólk deilda sé upplýstara um markmiðin í einstaklingsnámskrám, að unnið sé með þau inni á deild og þau fléttuð inn í daglegt starf deilda. Í umbótaáætlun er gert ráð fyrir að sérkennslustjóri komi meira inn á deildarfundum þar sem rætt er um einstaklingsnámskrár og markmið sem sé verið að vinna að. Yfirlit markmiða fyrir börn séu aðgengileg og allir starfsmenn viti hvar þau eru að finna inn á deildum. Að auki séu skipulagðir fundir með starfsfólki sérkennslu þar sem farið er yfir skráningarblöð um markmiðin (sem áætlað er að vinna með markvissum hætti) og hvernig gengur að vinna að þeim.

Teymisfundir eru haldnir á 6-8 vikna fresti. Á þeim fundum sitja foreldrar, deildarstjóri og starfsmaður sem heldur utan um stuðning. Á þá fundi kemur sérkennsluráðgjafi frá Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða. Leikskólastjóri situr stundum fundi ef þörf krefur. Vinnufundir eru haldnir á 8 vikna fresti þar sem sérkennsluráðgjafi heldur fund með sérkennslustjóra og starfsmönnum sérkennslu þar sem farið er yfir hvernig gengur að vinna með markmiðin og ráðgjöf veitt um hvernig huga megi best að stuðningi.

Samstarf er mjög gott við Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða. Auðvelt aðgengi að sérfræðingum í gegnum síma eða tölvupóst. Mikið samstarf er við talmeinafræðinga, sálfræðing og sérkennsluráðgjafa. Talmeinafræðingar frá Þjónustumiðstöðinni hafa komið og gert málproskamat á börnum þegar óskað er eftir því. Sálfræðingur kemur og gerir þroskamat á börnum þegar við á. Hegðunarráðgjafi hefur komið vegna barna með hegðunar- og tilfinningarvanda og veitt starfsfólki ráðgjöf varðandi hegðunarörðugleika og bent á leiðir til að sporna við neikvæðri hegðun og draga fram jákvæða hegðun.

Sérkennslustjóri veitir ráðgjöf bæði af frumkvæði og þegar er leitað til hans. Sérkennslustjóri leiðbeinir starfsfólki sérkennslu um aðferðir og leiðir til að vinna að markmiðum. Sérkennslustjóri hefur búið til gögn er varðar sjónrænt dagskipulag og myndrænt boðskiptakerfi og leiðbeint um notkun þess fyrir deildir. Umbótaþættir er varðar ráðgjöf eru þeir að sérkennslustjóri geti komið inn á skipulagsdag og kynnt starf sitt og markmið sérkennslu í leikskólanum.



Umbótaþættir Sérkennsla	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Að starfsfólk deilda sé meðvitaðra að vinna með markmið út frá einstaklingsnám -skrám inni á deild, þau fléttuð inn í daglegt starf.	Að unnið sé að markmiðum út frá einstaklingsnám skráum með markvissum hætti inn á deild þ.e fléttað inn í daglegt starf.	Sérkennslust. komi inn á deildarfundi fer yfir markmið úr einstaklingsnámskrám og hvernig skal unnið að þeim inni á deild Skráningar sýnilegar inni á deild	Sept. 2019 og lokið maí 2020	Sérkennslustjóri /deildarstjóri	Sérkennslustjóri og deildarstjóri ræði saman um haustið og fari yfir hvenær eigi að hafa fundi til þess að fara yfir markmiðin Skráningarbl að yfir markmið	Skráningar um fundi sem eiga að vera og hvort þeir séu haldnir. Könnun meðal starfsmanna um hvernig þeir þekkja markmiðin og hvernig gengur að vinna að þeim
Að skrá betur niður eftir einstaklingsþjálfun hvað var gert og fylgst með framförum	Að haldin sé skráning um hvað er gert í einstaklingsþjálfun og skráð niður markmið og fylgst með framförum.	Samtöl við starfsmenn sérkennslu og gerð skráning þar sem sett eru markmið og farið yfir þau reglulega	Sept. 2019 maí 2020	Sérkennslustjóri /deildarstjóri/ starfsmenn sérkennslu	Samtöl við starfsmenn- Vinna saman að skráningarblaði	Farið yfir skráningarbl að og merkt við hvernig gekk og hvað þarf að bæta.



Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Vísbending	Já eða nei	Hvernig?/Með hvaða aðferðum?/Dæmi
Vinna með íslensku sem annað mál og virkt tvítyngi	já	Börn og foreldrar eru hvött til að koma með bækur á sínu móðurmáli og þær eru hafðar sýnilegar á deildum. Fáni upprunalanda barna inni á deildum og ákveðin orð bæði á íslensku og móðurmáli barna. Öll börn í leikskólanum fá að fara með bangsa heim um helgar og með þeim hætti fáum við að kynnast heimameningu barna.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða? (grunnorðaforða)	já	Ávallt sett orð á hluti og athafnir í gegnum daglegt starf. Leitast er við að rými skapist fyrir spjall við börn í gegnum daglegt starf leikskólans. Ráðgert í umbótaætlun að nota markvisst Gefðu 10 aðferðina til að vinna með daglegan orðaforða og skráning í kringum það.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna?	já	Með þjóðsöguvinnu og lestri bóka. Söngur og þulur.
Er fylgst með framförum barnanna?	já	Já TRAS er tekið á öllum börnum og með íhlutun kjölfar þess.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? <ul style="list-style-type: none"> • Orðaforði og málskilningur • Tjáning og frásögn • Hlustun og hljóðkerfisvitund • Ritmál • Félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar, löngun 	Já	Málörvun er rauður í gegnum daglegt starf og í gegnum bækur og spil. Unnið er með þjóðsögu á hverri vorönn þar sem lögð er áhersla á dýpri orðaforða. Öll börn skólans endursegja söguna með sínu nefi sem er skrifuð orðrétt frá þeim. Á öllum deildum skólans eru söngstundir a.m.k einu sinni á dag og sameiginleg einu sinni í viku. Í samverustundum fá börn til dæmis



	<p>að koma í púlt og segja brandara eða frá einhverju sem þeim liggur á hjarta. Unnið er með hljóðkerfisvitund í hópstarfi t.d. rím, klappa atkvæði. Námsefnið Lubbi finnur málbein er notað með elstu börnunum en áætlað er að innleiða það í starfið á öllum deildum.</p> <p>Áætlað er að fá Lubba námskeið fyrir allt starfsfólk inn á skipulagsdag.</p> <p>Í Drafnarsteini er frjáls leikur hafður í hávegum og gildi leiksins ávallt haft í fyrirrúmi. Málörvun fer fram í gegnum fjölbreyttar kennsluaðferðir og styrkleikar barna nýttir til þess að efla málþroska.</p>
--	---

Niðurstöður innra mats

Á Drafnarsteini er fjöldi tvítyngdra/fjöltýngdra barna 38 börn sem er 34% barna í leikskólanum. Til þess fengið fjármagn er notað til launagreiðslu starfsmanns sem sinnir málörvun barna með annað móðurmál en íslensku. Starfsmaðurinn er með einstaklingsþjálfun eða litla málörvunarhópa þar sem markviss málörvun á sér stað með bókum og spilum. Stuðst er til að mynda við orðalista frá Menntamálastofnun um hugtök sem æskilegt er að börn á leikskólaaldri hafi vald á.

Í leikskólanum á sér stað markviss málörvun í gegnum daglegt starf. Bókalestur er hafður í hávegum í hópstarfi, samverustundum og börnin hafa aðgengi að bókum á deildinni. Tungumálum barna er gerð skil og þau virt. Börn fá að koma með bækur á sínu móðurmáli. Fáni upprunalanda eru sýnilegir á deildum sem og ákveðin orð bæði á íslensku og móðurmáli barna. Unnið er markvisst með daglegan orðaforða með því að setja orð á hluti og athafnir. Áætlað er að setja markvisst inn Gefðu 10 aðferðina og nota skráningu vegna þess.

Til þess að dýpka orðaforða er mikið lesið af bókum þar sem orð og orðsambönd eru útskýrð. Með þjóðsöguvinnu er orðaforði aukinn og orð og orðasambönd útskýrð sem eru ekki algeng í daglegu tali.



Fylgst er með framförum barna í málþroska í foreldraviðtölum og samtölum á milli deildar- og sérkennslustjóra. Einnig er teknar málþroskaskimanir, bæði EFI-2 og TRAS.

TRAS er notað með öllum börnum skólans og íhlutun á sér stað í kjölfar kortlagningar á málþroska. Einnig er samstarf við heilsugæslu eftir 2ggja og hálfis árs skoðun og 4ra ára skoðun, þar sem leikskóli sendir tilvísun til þess að fá málþroskamát fyrir börn sem þarf að skoða nánar.

Hugað er að öllum þáttum máls og virkri þátttöku máls. Orðaforði er eflur í gegn um allt daglegt starf og með bókum og spilum. Leitast er við að efla málskilning með því að spyrja spurninga eftir bókalestur. Gefin eru fyrirmæli í daglegu starfi og hópastarfi.

Í leikskólanum er unnið eftir læsisáætlun skólans og starfrækt læsisteymi. Teymið hefur unnið markvisst að því að samræma og bæta verklag sem og huga að aðgerðum til þess að efla málþroska allra barna í leikskólanum.

Skólaárið 2018-2019 var gerð móttökuáætlun erlendra barna sem við munum framvegis vinna eftir. Áætlunin byggir á aðalnámskrá leikskóla og stefnu borgarinnar um fjölmenningsleg skóla- og frístundastarf .

Í áætluninni er farið yfir það sem þarf að koma fram í fyrsta viðtali og það sem þarf að hafa í huga í aðlögun. Útlistað er sérstaklega það sem þarf að hafa í huga þegar umsækjendur um alþjóðlega vernd byrja í skólanum.

Í móttökuáætlun er að finna upplýsingar fyrir starfsfólk varðandi aðlögun og móttöku erlendra barna en lögð er áhersla á að allt starfsfólk deildar taki virkan þátt svo barn og foreldrar kynnist þeim sem sinna barninu mest.



Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Innleiða aðferðina gefðu 10 til þess að efla málþroska tví-fjöltungdra barna	Að starfsmenn verði meðvitaðir um að nota aðferðina gefðu 10 til þess að efla málþroska og nota skráningarblöð til eftirfylgdar	Kynna aðferðina á skipulagsdögum/ deildarfundum	Sept. 2019 og lokið júní 2020	Sérkennslustjóri /deildarstjóri og leikskólastjóri	Farið yfir skráningarblöð þar sem starfsmenn skrá niður að þeir hafi gefið barni 10 mín á dag aukalega.	Að allir starfsmenn hafi notað aðferðina og notað skráningu til þess



Fylgiskjal 3 - Leikskóladagatal

Leikskóladagatal 2019 - 2020

Nafn skóla: **DRAFARSTEINN**

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MÁI	JÚNÍ	JÚLÍ
1 F	1 S	1 Þ	1 F Bangna-og náttúfötuball	1 S Fullveldisdagurinn	1 M Nýársdagur	1 L	1 S	1 M	1 F Verkalýðsdagurinn	1 M Annar í hlfásunnu	1 M
2 F	2 M líkkuvél 00 til elstu barnanna	2 M	2 L	2 M	2 F	2 S	2 M	2 F	2 L	2 Þ	2 F
3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 Þ	3 F	3 M	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 F
4 S	4 M	4 F SKIPULAGSDAGUR	4 M	4 M	4 L	4 Þ	4 M	4 L	4 M	4 F	4 L
5 M Fístaðgur verslunarmanna	5 F	5 L	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 F	5 S Pálmasunnudagur	5 Þ	5 F	5 S
6 Þ Skólinn opnar eftir sumarfríkun	6 F	6 S	6 M	6 F	6 M Þrettándinn	6 F Dagur leikskólans	6 F	6 M	6 M	6 L	6 M
7 M	7 L	7 M	7 F	7 L	7 Þ Þvíðsaga vetrarins hefti	7 F Leikskólans 100 ára Dagar	7 L	7 Þ	7 F	7 S Sjómanna dagurinn	7 Þ
8 F	8 S Dagur læsis	8 Þ	8 F Barámtugur oggn einelti	8 S	8 M	8 L	8 S	8 M	8 F Sýttirakaffi og gútuk	8 M	8 M
9 F	9 M	9 M	9 L	9 M	9 F	9 S	9 M	9 F Skíddagur	9 L	9 Þ	9 F
10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 Þ Adventukaffi	10 F	10 M	10 Þ	10 F Fístaðgurinn langi	10 S	10 M	10 F
11 S	11 M	11 F	11 M	11 M	11 L	11 Þ	11 M	11 L	11 M	11 F	11 L
12 M	12 F	12 L	12 Þ	12 F Adventukaffi	12 S	12 M	12 F	12 S Páskadagur	12 Þ	12 F Útskrift elstu barna	12 S
13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 F	13 M	13 F	13 F	13 M Annar í þáskum	13 M	13 L	13 M
14 M	14 L	14 M	14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 L	14 F	14 F	14 S	14 Þ
15 F	15 S	15 Þ	15 F	15 S	15 M	15 L	15 S	15 M	15 F	15 M	15 M
16 F	16 M Dagur íslenskrar náttúru	16 M	16 L Dagur íslenskrar tungu	16 M	16 F	16 S	16 M	16 F	16 L	16 Þ	16 F
17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 Þ Jólaball	17 F	17 M	17 Þ Sónir innviðunardagurinn	17 F	17 S	17 M Lyðveldisdagurinn	17 F
18 S	18 M	18 F	18 M SKIPULAGSDAGUR	18 M	18 L	18 Þ	18 M	18 L	18 M	18 F	18 L
19 M	19 F	19 L	19 Þ	19 F	19 S	19 M	19 F	19 S	19 Þ	19 F	19 S
20 Þ	20 F SKIPULAGSDAGUR	20 S	20 M samráð leikskólans Sjóna Dagur mannesfréttir barna	20 F	20 M SKIPULAGSDAGUR	20 F	20 F	20 M	20 M samráð leikskólans Sjóna	20 L	20 M
21 M	21 L	21 M	21 F	21 L	21 Þ	21 F Minnu-og Ömmunagarsund	21 L	21 Þ Barameiningarháð	21 F Uppstígnardagur	21 S	21 Þ
22 F Skólasetning grunnskóla	22 S	22 Þ	22 F	22 S	22 M	22 L	22 S	22 M Barameiningarháð	22 F	22 M	22 M
23 F	23 M	23 M	23 L	23 M Þorláknesska	23 F	23 S Konudagur	23 M	23 F Sunnudagurinn fyrsti Barameiningarháð	23 L	23 Þ	23 F
24 L	24 Þ	24 F vetrarfrí grunnskóla	24 S	24 Þ Aftanagdagur jóla	24 F Börndagur þorabítt	24 M Bolludagur	24 Þ	24 F Barameiningarháð	24 S	24 M	24 F
25 S	25 M	25 F vetrarfrí grunnskóla	25 M	25 M Jóladagur	25 L	25 Þ Sprengidagur	25 M	25 L Barameiningarháð	25 M	25 F	25 L
26 M	26 F Einvörskí tungumáladagurinn	26 L Fyrsti veirdagur	26 Þ	26 F Annar í jólum	26 S	26 M Óskudagur BALL	26 F	26 S Barameiningarháð	26 Þ	26 F	26 S
27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 F	27 M	27 F	27 F	27 M	27 M	27 L	27 M
28 M	28 L	28 M vetrarfrí grunnskóla	28 F	28 L	28 Þ	28 F	28 L	28 Þ	28 F	28 S	28 Þ
29 F	29 S	29 Þ	29 F Jólabítt	29 S	29 M	29 L	29 S	29 M	29 F SKIPULAGSDAGUR	29 M	29 M
30 F	30 M	30 M	30 L	30 M	30 F	30 M	30 M	30 F	30 L	30 Þ	30 F
31 L		31 F		31 Þ Gamliársdagur	31 F		31 Þ		31 S Hvítasunnudagur		31 F



Fylgiskjal 4

Starfsáætlun 2019 – 2020

Umsögn foreldraráðs

Skýrslan veitir gott yfirlit yfir þetta flotta starf leikskólans.

Gera mætti þætti umhverfismenntunnar sem fer fram á leikskólanum hærra undir höfði. Á leikskólanum fer fram frábær grænfánastarfsemi og almenn umhverfismennt og það má vel halda því til haga. Umhverfismenntun í tengslum við grænfánann er það hrífandi að hún nær inn á heimilið hjá börnunum. Gott dæmi er að börnin eru hvött til að vera gagrýnin á sitt nánsta umhverfi og hvaða áhrif rusl hefur á umhverfið.

Listastarfið á leikskólanum er til fyrirmyndar af öllu leyti. Verkefnin eru fjölbreytt og með góða tengingu í það sem er verið að vinna í inni á deild. Verið er að vinna með þær sögur sem eru lesnar fyrir börnin og fleira. Börnin fá að taka virkan þátt í þróu listastarfið með frábæru teymi kennara sem leiðir listastarfið. Í Listaskála er starfið mjög fjölbreytt og hvetjandi og vekur áhuga barnanna á að skapa í höndunum. Þá er það jákvætt að börnin taki þátt í að þróu listastarfið og upplifi að hlustað sé á þeirra skoðanir og hugmyndir.

Á hverju ári færast börnin á milli deilda og undirbúningur af hálfu leikskólans er til fyrirmyndar með öllu. Börnin fá að kynnast umhverfinu, kennurum og nýjum samnemendum á sínum hraða.

Samræming skipulagsdaga í hverfinu (leik- og grunnskóla, þ.m.t. Landakotsskóla) er ófullnægjandi. Með réttu ættu þessir dagar allir að vera á sama tíma á öllum skólastigum á meðan börn eru á skólaskyldualdri. Ekki beinist þessi athugasemd einungis að leikskólanum Drafnarsteini heldur að öllum skólum sem þjóna íbúum hverfisins. Til glöggvunar á þessu má hér fyrir neðan sjá dagana fyrir næsta skólaár:

Drafnarsteinn: 20/09/19 – 04/10/19 – 18/11/19 – 20/01/20 – 07/02/20 – 29/05/20

Landakotsskóli: 30/09/19 – 25/11/19 – 02/01/20 – 04/03/20 – 24/04/20

Vesturbæjarskóli: 04/10/19 – 18/11/19 – 20/01/20 – 14/04/20 – 08/05/20



Vel er staðið að málproskamati og hefur stuðningur leikskólans og snemmtæk íhlutun oft skipt sköpum fyrir börn. Jákvætt er hve vel er haldið utan um þau börn sem þurfa á einhvers konar stuðningi að halda. Að mál hvers barns sé tekið föstum tókum hjá faglegu teymi um leið og grunsemdir vakna um að eitthvað sé ekki eins og það á að vera. Það má þó ítreka að nauðsynlegt er að allir starfsmenn séu vel inni í einstaklingsnámsskrám og notist við þær svo ekki komi bakslag í það góða starf sem unnið er. Það jákvætt að standi til að bæta þetta með frekari upplýsingagjöf til almennra starfsmanna og með deildarfundum.

Læsis-teymi leikskólans hefur ekki verið kynnt foreldrum nægilega og mætti bæta þar úr til að koma foreldrum betur inn í það verðuga verkefni.

Betur mætti nota myndir og nöfn til að merkja fataklefana. Mynd með nafni á hverju barni gerir umhverfið hlýlegra og ekki síst foreldrum að átta sig á hvað samnemendur heita. Notkun á myndum í starfinu hefur sem dæmi skapað skemmtilegt andrúmsloft á Hóli.

Hreinlætisaðstaða á Drafnarborg er með öllu óboðleg og má taka 100% undir með leikskólastjóra í þeim efnum.

Sú nýng að fara í smá heimspekiumræður með börnunum er skemmtileg og til þess fallin að efla rökhugsun og hugmyndaauðgi. Telja má að það geti haft jákvæð áhrif á aðra þætti leikskólastarfsins. Mikilvægt er að nýta menntun og þekkingu starfsmanna með þessum hætti, þótt hún sé ekki beinlínis á sviði kennslu eða uppeldisfræða. Það gerir starfið fjölbreyttara og áhugaverðara, bæði fyrir börn og starfsfólk.

Foreldraráð leikskólans skipa:

Guðrún Birna Brynjarsdóttir

Halldóra Bergþórsdóttir

Markús Þór Andrésson

Sólrún Lilja Ragnarsdóttir



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu

Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulags dagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.



Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.



